

Lassi Diðriksson - brenndur 1675

Skrifað af Strandagaldur

Sunnudagur, 13. Nóvember 2005 18:27

Maðurinn sem var talinn valdur að veikindum sona sr. Páls og Helgu í Selárdal hét Lassi Diðriksson, sjötugur að aldri. Hann var einnig sakaður um að hafa valdið veikindum Egils Helgasonar sem var einn af mönnum Eggerts sýslumanns á Skarði, bróður prófastsins. Lassi neitaði harðlega að hafa fengist við galdra eða vera viðriðinn veikindin. Málið var lagt fyrir Þorleif Kortsson sem ályktaði að vegna skorts á sönnunum skyldi senda málið til alþingis. Þar var hann dæmdur sekur og var brenndur mest fyrir orð Eggerts sýslumanns Björnssonar, en að „*saklitlu að sumir héldu*“; eins og segir í einum annál.

Illa gekk að brenna Lassa því að mikil rigning var og sloknaði eldurinn þrisvar. Eggert sýslumaður fótbrotnaði á leið heim af þingi og þótti þá mörgum sem honum hefði hefnt fyrir framgöngu sína gegn saklausu gamalmenninu.

Sjá einnig: Selárdalsmál.